**Þakkartillaga**

23. ársþing HSV haldið á Ísafirði 24. maí 2023, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Ísafjarðarbæ, bæjarstjórn og íþrótta- og tómstundanefnd þakkir fyrir stuðning við HSV á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

- Bæjarstjórn Bolungarvíkur þakkir fyrir gott samstarf og afnot aðildarfélaga HSV að íþróttamannvirkjum í Bolungarvík.

- Starfsmönnum íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur fyrir gott samstarf og þjónustu við iðkendur aðildarfélaga HSV.

- Starfsmönnum í Stöðinni Heilsurækt þjálfurum fyrir gott samstarf um afreksform HSV, styrktarþjálfun fyrir unglinga.

- Háskólasetrinu fyrir afnot af fundaraðstöðu vegna formannafunda.

**Hvatningatillaga**

23. ársþing HSV haldið á Ísafirði 24. maí 2023, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum hvatningarkveðju:

-Til Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Bolungarvíkur um að styðja áfram dyggilega við íþrótta- og æskulýðsstarf.

-Til aðildarfélaga sambandsins um að beita sér af alefli gegn allri tóbaksnotkun og annarri notkun fíkniefna hjá félagsmönnum sínum. Sérstaklega hjá iðkendum og þjálfurum. Á meðan að það er vöntun á rannsóknum á skaðsemi rafsígaretta ætti að takmarka notkun þeirra við sömu svæði og reykingar.